



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2012/13



Ávarp framkvæmdastjóra	3
Ávarp aðalhljómsveitarstjóra	5
Regnbogakort / Áskriftarkort	6

2012	■ Menningarnótt	18. ágúst	8
	■ Pétur og úlfurinn	08. sept.	10
	■ Upphafstónleikar	13. sept.	11
	■ Austurrískir tónjöfrar	20. sept.	12
	■ Tónleikar í Hofi	21. sept.	13
	■ Töfraveröld Disneys	27./29. sept.	14
	■ Ungsveit Sinfóníunnar	30. sept.	15
	■ Fröst snýr aftur	04. okt.	16
	■ Þýskir snillingar	11. okt.	17
	■ Barnastund með Sinfóníunni	20. okt.	18
	■ Náttúran dansar	25. okt.	19
	■ Víkingur spilar Keisarakonsertinn	08./09. nóv.	20
	■ Pohjonen spilar Mozart	15. nóv.	22
	■ Þrír konsertar og sínfónía	22. nóv.	24
	■ Star Wars tónleikar	28./29. nóv.	25
	■ Aðventutónleikar – Messías	05./06. des.	26
	■ Jólatónleikar Sinfóníunnar	15./16. des.	28

2013	■ Vínartónleikar	10./11./12. jan.	33
	■ Ungir einleikarar	15. jan.	34
	■ Haydn, Mozart og Grieg	18. jan.	35
	■ Mahler og Bernstein	24./25. jan.	36
	■ Sinfónían á Myrkum	31. jan.	37
	■ Carmina Burana	07. feb.	38
	■ Vestur um haf	26. feb.	40
	■ Náttfatapartí	09. mars	41
	■ Draumórasinfónían	14. mars	42
	■ Voigt syngur Strauss	22. mars	43
	■ Skoska sínfónían og Wagner	05. apríl	44
	■ Vorblót	11. apríl	45
	■ Tectonics	18.-21. apríl	46
	■ Auður og Ashkenazy	02. maí	47
	■ Barnastund með Sinfóníunni	11. maí	48
	■ Álfar og riddarar	11. maí	49
	■ Mendelssohn og Tsjajkovskij	16. maí	50
	■ Uppáhalds Wagner	06. júní	51
	■ Fiðla, selló og píanó	13. júní	52

Tónleikaraðir	54
Fastráðnir hljóðfæraleikarar og starfsmenn SÍ	63
Miðaverð og almennar upplýsingar	66

VELKOMIN Á TÓNLEIKA

Tónlist er mikið undur. Tónar hrífa og snerta streng í okkur sem við vissum kannski ekki að við ættum til. Tónlist kallar fram gleði og trega, spennu og fögnuð, og ræktar þannig tilfinningar okkar og mannlega vitund. Að hlusta á tónlist er því skemmtilegt, gefandi og hollt.

Hvergi verður nálægðin við tónlistina eins sterk og á tónleikum. Í tónleikasal er það samspil flytjanda og hlustanda sem skapar eitthvað einstakt, sem einungis er hægt að lýsa sem töfrum andartaksins. Í stórkostlegum hljóm-burði Eldborgarsals Hörpu verður þessi nálægð enn áþreifanlegri, þar sem hver tónn leitar til hlustandans.

Tónleikar eru í raun ferðalag. Á þeirri ferð kynnumst við einhverju nýju sem við þekktum ekki áður, eða sjáum eitthvað kunnuglegt í nýju ljósi. Tónleikar fela í sér spennu og eftir-

væntingu, við njótum þess sem fyrir ber og hlökkum til að uppgötva hvað leynist handan við hornið. Að leiðarlokum erum við ríkari af reynslu, sem fyllir okkur jákvæðum tilfinningum, sælu og gleði.

Framundan er einstaklega áhugavert starfsár hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á dagskrá eru fjölmörg spennandi verk sem sjaldan eða aldrei hafa heyrst áður á Íslandi, í bland við sígildar perlur sem alltaf eiga erindi við tónleikagesti. Fjöldi frábærra hljóm-sveitarstjóra er væntanlegur á starfs-árinu og sjaldan hafa jafn margir framúrskarandi einleikarar boðað komu sína og nú.

Eins og áður býður Sinfóníuhljómsveitin upp á tónleika með sígildri tónlist, kvikmyndatónlist, óperutónlist, samtímatónlist, jólatónlist, Vínartónlist, dægurtónlist og svo mætti áfram telja.

Tónlist fyrir börn er mikilvægur og vaxandi þáttur í starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar. Auk tónleikaraðar fyrir yngri hlustendur stendur Sinfóníuhljómsveitin fyrir viðamiklu fræðslustarfi með skólatónleikum, skólaheimsóknum og annarri fræðslu. Þá stuðlar Sinfóníuhljómsveitin að þroska tónlistarnemenda, m.a. með tónleikum Ungsveitar SÍ.

Það er gæfuspor að taka frá tíma fyrir tónlistina og sækja tónleika reglulega. Besta leiðin til þess er með áskrift að tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Nú er rétti tíminn til þess að tryggja sér sæti á tónleikum, svo engin hætta sé á því að missa af viðburðum vetrarins. Góða skemmtun.

Sigurður Nordal
framkvæmdastjóri





TÓNLEIKAR UNDIR STJÓRN ILANS VOLKOV Á STARFSÁRINU

13.09.12 Maurice Ravel: <i>Píanókonsert í G-dúr</i> Maurice Ravel: <i>Píanókonsert fyrir vinstri hönd</i> Pjotr Tsjajkovskíj: <i>Sinfónía nr. 5</i> Atli Heimir Sveinsson: <i>Flower Shower</i>	08. & 09.11.12 Ludwig van Beethoven: <i>Píanókonsert nr. 5, Keisarakonsertinn</i> Ludwig van Beethoven: <i>Kristur á Olúfjallinu</i> Olivier Messiaen: <i>Et exspecto resurrectionem mortuorum</i>	26.02.13 Anna Þorvaldsdóttir: <i>AERIALITY</i> Edvard Grieg: <i>Píanókonsert í a-moll</i> Hlynur Aðils Vilmarsson: <i>Nýtt verk</i> Jean Sibelius: <i>Lemminkäinen-svíta</i>
20.09.12 Joseph Haydn: <i>Sellókonsert nr. 1 í C-dúr</i> Anton Bruckner: <i>Sinfónía nr. 9</i> Morton Feldman: <i>Coptic Light</i>	31.01.13 Gunnar Andreas Kristinsson: <i>Gangverk englanna</i> Páll Ragnar Pálsson: <i>Nýtt verk fyrir hljómsveit og fíðlu</i> Davíð Brynjar Franzson: <i>Nýtt verk</i> Gerald Barry: <i>Cheveux-de-frise</i>	05.04.13 Richard Wagner: <i>Siegfried Idyll</i> Richard Wagner: <i>Wesendonk-ljóðin</i> Felix Mendelssohn: <i>Skoska sinfónían</i>
21.09.12 Joseph Haydn: <i>Sellókonsert nr. 1 í C-dúr</i> Pjotr Tsjajkovskíj: <i>Sinfónía nr. 5</i>		11.04.13 Arvo Pärt: <i>Sinfónía nr. 2</i> Béla Bartók: <i>Fíðlukonsert nr. 2</i> Ígor Stravinskíj: <i>Vorblót</i>
		18.04 - 21.04.13 Tectonics tónlistarhátíð

HEILLANDI FERÐALAG

Með spennu og tilhlökkun býð ég ykkur öll velkomin á tónleika Sinfóníu-hljómsveitar Íslands starfsárið 2012-2013, sem er annað starfsár hljómsveitarinnar í Hörpu og jafnframt annað starfsár mitt sem aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi.

Síðasta starfsár var metnaðarfullt, með öllum sinfóníum Beethovens og stórum og kraftmikilum verkum eins og *Rómeó* og *Júlíu* eftir Berlioz og 6. og 7. sinfóníum Mahlers, svo fátt eitt sé nefnt. Áheyrendur hafa verið stórkostlegir og hljómsveitin er í sjöunda himni með að leika nú í Hörpu og skapa tengsl við æ fleiri tónleikagesti og unga áheyrendur.

Eitt af því sem hefur gefið mér hvað mest í samstarfi mínu við Sinfóníu-hljómsveit Íslands er einstaklega opið hugarfar og örlæti hljóðfæraleikaranna. Þetta kom berlega í ljós á fyrstu Tectonics-tónlistarhátíð Sinfóníuhljóm-sveitarinnar í mars síðastliðnum – fjöldi nýrra verka sem byggja á nýrri hugmyndafræði voru frábærlega flutt og af fullkominni einurð af hálfu hljómsveitarmeðlima. Ásamt því að þróa þessa róttækari hlið hljómsveitarinnar, þá ætlum við að leggja mikla áherslu á tónleika og fræðslu fyrir yngri kynslóðina og virkja unga hlustendur, meðal annars með opnum æfingum, samræðum og stefnumóti við hljómsveitarstjóra og einleikara.

Ég trúi því að starfsárið 2012-2013 verði sönn gullnáma. Fyrst ber að nefna komu nokkurra einsöngvara og einleikara í fremstu röð, þeirra á meðal Deborah Voigt, Christian Tetzlaff, Steven Osborne, Garrick Ohlsson og Patricia Kopatchinskaja. Framúrskarandi hljómsveitarstjórar snúa aftur, svo sem Tortelier, Aadland, Gamba, Sakari, Gaffigan, Vänskä og Ashkenazy. Frumlegir og hugmynda-ríkir listamenn koma í fyrsta sinn, eins og Hans Graf og François Xavier Roth. Efnisskráin er fjölbreytt og heillandi þar sem hornsteinar sígildrar tónlistar standa við hlið nokkurra helstu hljómsveitarverka 20. aldar. Í ár og næstu starfsár verður flutt úrval af bestu verkum fyrstu áratuga síðustu aldar, svo sem 7. sinfónía Sibeliusar, 4. sinfónía Nielsens, hinn stórkostlegi 2. fiðlukonsert Bartóks og *Vorblót* Stravinskíjs, sem frumflutt var fyrir rétttri öld. Þá er mér sérstakt fagnaðar-efni að kynna mörg þýðingarmikil tónskáld og verk þeirra, svo sem 2. sinfóníu Arvos Pärt, *Rituel* eftir Pierre Boulez og hugleiðingu Wolfgangs Rihm um Brahms.

Sinfóníuhljómsveitin hyggst starfa með íslenskum tónskáldum á komandi árum, bæði innan áskriftarraða og

á sérstökum hátíðum tileinkuðum samtímatónlist, eins og Myrkum músíkdögum og Tectonics-tónlistarhátíðinni. Í ár verður það allt frá sígildu verki Atla Heimis Sveinssonar, *Flower Shower*, til nýrra verka eftir Hauk Tómasson, Hafliða Hallgrímsson og Önnu Þorvaldsdóttur og frumflutnings á verkum eftir Hlyn Aðils Vilmarsson, Davíð Brynjar Franzson, Atla Ingólfs-son og fleiri. Þá langar mig eindregið til þess að vekja athygli á örtónleika-röðinni Eftirleik – hálf tíma síðkvölds-tónleikum þar sem eitt meiri háttar hljómsveitarverk er flutt, en þau eru fyrrgreint *Flower Shower* Atla Heimis, dáleiddandi verk Mortons Feldman, *Coptic Light*, og hið magnþrungna *Et exspecto* eftir Messiaen.

Ég vona svo sannarlega að þú sláist í för með okkur í vetur í heillandi ferðalag um áhrifarík tónverk fortíðar og framtíðar í stórkostlegum Eldborgarsal Hörpu – sal sem gerir hvert andartak tónlistarinnar einstakt og óviðjafnanlegt. Við erum svo sannarlega lánsöm að vera hér.

Ilan Volkov
aðalhljómsveitarstjóri

REGNBOGAKORT

ÞÍN EIGIN TÓNLEIKARÖÐ MEÐ VEGLEGUM AFSLÆTTI

Með Regnbogakorti ert þú listrænn stjórnandi á þínu heimili. Þú velur þá tónleika sem höfða helst til þín af öllum tónleikum starfsársins og tryggir þér gott sæti með 20% afslætti. Hægt er að kaupa Regnbogakort með að minnsta kosti fernum tónleikum eða fleiri, eftir því sem best hentar.

FJÖLBREYTT DAGSKRÁ

Mikill fjölbreytileiki einkennir verkefnaval á starfsárinu. Hér má sjá yfirlit yfir sínfóniur, einleiksverk, kórverk og balletta sem leiknir verða í vetur.

Auk alls þessa er boðið upp á fjöldann allan af sínfónískum verkum og annarri lifandi tónlist. Má þar nefna kvimynda-tónlist á Disney- og Star Wars-tónleikum.

Regnbogakort eru frábær kostur fyrir 25 ára og yngri, sem fá 50% afslátt af miðaverði.

Sala nýrra Regnbogakorta hefst 16. ágúst.

Aðventutónleikar, jólatónleikar og hinir sívinsælu Vínartónleikar eru á sínum stað sem og fjölbreytt dagskrá fyrir börn á öllum aldri.

Sínfóniur Stórbrotnar sínfóniur þar sem heyra má Sínfóníu-hljómsveitina í öllu sínu veldi.

Anton Bruckner Sínfónía nr. 9 (bls. 12)
Arvo Pärt Sínfónía nr. 2 (bls. 45)
Carl Nielsen Sínfónía nr. 4 (bls. 22)
César Franck Sínfónía í d-moll (bls. 16)
Felix Mendelssohn Skoska sínfónían (bls. 44)
Gustav Mahler Sínfónía nr. 1 (bls. 36)
Hector Berlioz Draumórasínfónían (bls. 42)
Jean Sibelius Sínfónía nr. 7 (bls. 24)
Joseph Haydn Sínfónía nr. 104, Lundúnasínfónían (bls. 35)
L. van Beethoven Sínfónía nr. 6, Sveitasínfónían (bls. 47)
Pjotr Tsjaikovskij Sínfónía nr. 5 (bls. 11)
Pjotr Tsjaikovskij Sínfónía nr. 6, Pathétique (bls. 50)
Robert Schumann Sínfónía nr. 2 (bls. 17)
W. A. Mozart Sínfónía nr. 35, Haffner (bls. 38)

Kórverk Glæsileg kórverk þar sem Sínfóníuhljómsveitin og kórar leiða saman hesta sína.

L. van Beethoven Kristur á Olúfjallinu (bls. 20)
Carl Orff Carmina Burana (bls. 38)
Georg Friedrich Händel Messías (bls. 26)
Leonard Bernstein Chichester Psalms (bls. 36)

Einleiksverk Litrík einleiksverk flutt af íslenskum og erlendum einleikurum í fremstu röð.

Alexander Arutjunian Trompetkonsert (bls. 8)
Anders Hillborg Peacock Tales (bls. 16)
Atli Ingólfsson Nýr konsert fyrir píanó og hljómsveit (bls. 46)
Béla Bartók Fiðlukonsert nr. 2 (bls. 45)
Dmitrij Sjostakovitsj Fiðlukonsert nr. 2 (bls. 47)
Edvard Grieg Píanókonsert í a-moll (bls. 40)
Felix Mendelssohn Píanókonsert nr. 1 (bls. 50)
Haflíði Hallgrímsson Fiðlukonsert (bls. 42)
Johannes Brahms Konsert fyrir fiðlu og selló op. 102 (bls. 17)
Joseph Haydn Sellókonsert nr. 1 (bls. 13)
Karol Szymanowski Fiðlukonsert nr. 1 (bls. 24)
Karol Szymanowski Fiðlukonsert nr. 2 (bls. 24)
L. van Beethoven Konsert fyrir fiðlu, selló og píanó (bls. 52)
L. van Beethoven Píanókonsert nr. 5, Keisarakonsertinn (bls. 20)
Maurice Ravel Píanókonsert fyrir vinstri hönd (bls. 11)
Maurice Ravel Píanókonsert í G-dúr (bls. 11)
Páll Ragnar Pálsson Nýtt verk fyrir hljómsveit og fiðlu (bls. 37)

Ballettónlist Klassísk tímamótaverk með grípandi laglínunum og seiðandi takti.

Ígor Stravinskij Vorblót (bls. 45)
Pjotr Tsjaikovskij Hnotubrjóturinn, annar þáttur (bls. 19)
Sergei Prokofiev Rómeó og Júlía (bls. 52)

ÁSKRIFTARKORT

FAST SÆTI Í ALLAN VETUR

Áskrift veitir þér 20–30% afslátt af tónleikum í hverri röð og er jafnframt hvatning til að sækja tónleika reglulega. Áskrifandi biður ekki í röð í miðasölu fyrir tónleika, gengur alltaf að sæti sínu vísu og á forkaupsrétt á sætinu þegar áskrift er endurnýjuð. Hægt er að borga með léttgreiðslum og jafnframt fá áskrifendur 10% afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika og 15% afslátt í verslun 12 tóna.

Ein áskrift veitir 20% afslátt. Tvær áskriftarraðir, t.d. Gul og Rauð, veita 25% afslátt. Þrjár áskriftarraðir, Gul, Rauð og Græn, veita 30% afslátt. Afsláttur er af almennu miðaverði.

Ítarlegt yfirlit yfir tónleikaraðir er að finna á bls. 54-59. Upplýsingar um verð og sætaskipan er að finna á bls. 66-67.

Gula röðin Afbragðskostur fyrir þá sem vilja heyra fjölbreytilega klassíska tónlist.



Austurrískir tónjöfrar 20.09.12
Náttúran dansar 25.10.12
Pohjonen spilar Mozart 15.11.12
Haydn, Mozart og Grieg 18.01.13
Skoska sínfónían og Wagner 05.04.13
Auður og Ashkenazy 02.05.13
Fiðla, selló og píanó 13.06.13

Rauða röðin Fyrir þá sem vilja hlusta á stóra sínfóníuhljómsveit í öllu sínu veldi leika kröftuga og áhrifamikla tónlist.



Upphafstónleikar 13.09.12
Þýskir snillingar 11.10.12
Þrír konsertar og sínfónía 22.11.12
Mahler og Bernstein 24.01.13
Voigt syngur Strauss 22.03.13
Vorblót 11.04.13
Uppáhalds Wagner 06.06.13

Eftirleikur Hálf tímalangir tónleikar þar sem spennandi verk 20. aldarinnar eru leikin í framhaldi af áskriftartónleikum. Tónleikarnir hefjast klukkan 22:00 og eru tónleikagestum sínfóniutónleika sama kvölds að kostnaðarlausu en einnig er hægt er að kaupa staka miða á 1000 kr.



Flower Shower 13.09.12
Coptic Light 20.09.12
Et exspecto resurrectionem mortuorum 08.11.12

Græna röðin Þeir sem hafa gaman af litríkri og aðgengilegri klassík úr ýmsum áttum ættu að kynna sér Grænu röðina.



Fröst snýr aftur 04.10.12
Víkingur spilar Keisarakonsertinn 08.11.12
Vínartónleikar 10.01.13
Draumórasínfónían 14.03.13
Mendelssohn og Tsjaikovskij 16.05.13

Litli tónsprotinn Áskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem ungum tónlistarunnendum frá 5 ára aldri eru kynntir töfrar tónlistarinnar.



Pétur og úlfurinn 08.09.12
Jólatónleikar 15.12.12
Náttfatapartí 09.03.13
Álfar og riddarar 11.05.13

Barnastund Barnastund Sínfóníunnar, í Hörpuhorni, er ætluð yngstu hlustendunum, tveggja til fimm ára, þar sem létt tónlist er flutt í um það bil 30 mínútur. Aðgangur ókeypis.



Barnastund 20.10.12 kl. 11:30
Barnastund 11.05.13 kl. 11:30

MIÐASALA WWW.SINFONIA.IS / S: 528 5050

Í Hörpu virka daga kl. 10-18 og um helgar kl. 12-18. midasala@harpa.is / www.sinfonia.is / www.harpa.is
Almenn miðasala hefst 23. ágúst.

OPIÐ HÚS Á MENNINGARNÓTT

Sinfóníuhljómsveit Íslands býður á tvenna tónleika á Menningarnótt í Eldborgar-sal Hörpu. Ókeypis er á tónleikana og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir. Boðið verður upp á barnatónleika með Maxa, músinni knáu og síðdegistónleika með fjölbreyttri klassík. Hægt verður að sækja aðgöngumiða í miðasölu á tónleikadegi.



Lau. 18. ÁGÚST '12 14:00

Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina

Bernharður Wilkinson

hljómsveitarstjóri

Valur Freyr Einarsson sögumaður

Ævintýrið um Maxímús Músíkús er einstakt og hjartnæmt tónlistar-ævintýri um mús sem villist inn á æfingu hjá sinfóníuhljómsveit. Á æfingunni kynnist Maxi tónlistinni af eigin raun og tekur hlustendur með sér inn í heillandi hljóðheim sinfóníuhljómsveitarinnar. Tónlistin sem hljómar á tónleikunum er úr ýmsum áttum og má þar nefna *Bolero* eftir Maurice Ravel og *Á Sprengisandi*

eftir Sigvalda Kaldalóns. Ævintýrið um Maxa hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar og verðlaun og verður flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands í Kennedy Center í febrúar 2013.

Höfundar Maxa eru Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari, hljóðfæra-leikarar í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Lau. 18. ÁGÚST '12 17:00

Fjölbreytt klassík

John Adams *Short Ride in a Fast Machine*

Edward Elgar *Nimrod*

Alexander Arutiunian *Trompetkonsert*

Georges Bizet *L'Arlésienne* svíta

Bernharður Wilkinson

hljómsveitarstjóri

Jóhann Már Nardeau einleikari

Fjölbreytt og aðgengileg klukku-tímalöng dagskrá, flutt af Sinfóníu-hljómsveit Íslands ásamt Jóhanni Má Nardeau trompetleikara. Jóhann Már er einn af okkar efnilegustu hljóðfæra-leikurum og stundar nú framhaldsnám við Konservatoríið í París. Jóhann hefur unnið til verðlauna í alþjóðlegum keppnum og komið fram á tónleikum hér heima og erlendis.

Bernharður Wilkinson hljómsveitar-stjóri er tónleikagestum Sinfóníunnar að góðu kunnur. Bernharður hefur starfað með hljómsveitinni hátt í fjóra áratugi, fyrst sem flautuleikari og síðar sem hljómsveitarstjóri. Bernharður hefur verið mikilvirkur í tónlistarkennslu og miðlun tónlistar fyrir börn og ungmenni og hefur auk þess stjórnað fjölda vinsælla tónleika með Sinfóníunni og helstu dægurstjörnum landsins.



PÉTUR OG ÚLFURINN



Lau. 08. SEPT. '12
14:00, 16:00

Leopold Mozart

Úr leikfangasinfóníunni

Sergei Prokofiev

Pétur og úlfurinn

Guðmundur Óli Gunnarsson

hljómsveitarstjóri

Bernd Ogronnik

brúðugerðarmeistari

Halldóra Geirharðsdóttir

sögumaður

Leikfangasextett

skipaður börnum og Maxa

Flestir eiga sér uppáhaldsleikfang. Nú er tækifærið að taka gullin sín með á tónleika og upplifa *Leikfangasinfóníuna* með góðvinum. Fyrsti þáttur sinfóníunnar verður fluttur með aðstoð leikfangasextetts þar sem Máxímús Músíkús leikur á alls oddi. *Leikfangasinfónían* hefur notið mikilla vinsælda og er oft og tíðum leikin þegar mikið liggur við eins og á opnunartónleikum Litla tónsprotans. Ekki er með öllu ljóst hver samdi *Leikfangasinfóníuna* en hún hefur verið eignuð þremur tónskáldum: Leopold Mozart, Joseph Haydn og Edmund Angerer. Í sinfóníunni koma fyrir margvíslegar fuglaflautur,

hrossabrestur, dótatrompet og fleiri áhugaverð hljóðfæri. Skemmtilegheitunum er þó hvergi lokið því við höldum á vit ævintýranna með Pétri og úlfinum ásamt Bernd Ogronnik brúðugerðameistara. Pétur og úlfurinn er saga sem hljóðfæri segja og brúðurnar hans Bernds gera ljóslifandi í glæsilegri uppfærslu í Eldborgarsal Hörpu. Þar er brúðuleiknum varpað upp á tjald meðan á tónleikunum stendur. Sögumaður í Pétri og úlfinum er Halldóra Geirharðsdóttir leikkona. Tónleikar og brúðuleikhús eins og það gerist best. Ekki missa af þessari einstæðu uppfærslu.

„Drengir eins og Pétur
eru ekki hræddir við úlfa.“

Úr Pétri og úlfinum

UPPHAFSTÓNLEIKAR

„Steven Osborne hafði áheyrendur algjörlega
á valdi sínu ... andrúmsloftið var seiðmagnað.“

Daily Telegraph



Steven Osborne

Steven Osborne er einn fremsti píanóleikari Breta. Hann hefur getið sér framúrskarandi orðspor fyrir túlkun sína á klassískum og lítt þekktari verkum. Osborne hefur hlotið hin virtu Gramophone-verðlaun og í ár var hann útnefndur til BBC Music Magazine-verðlaunanna fyrir upptökur á heildarverkum Ravels fyrir píanó.

Í St. Pétursborg sama ár. Fjórir þættir sinfóníunnar eru tengdir saman með „örlagastefi“ sem liggur sem rauður þráður í gegnum verkið. Annar þáttur sinfóníunnar skartar einni fegurstu laglínu í hljómsveitarverkum sem um getur og þriðji þátturinn byggir á dansstefi.

EFTIRLEIKUR

Flower Shower var frumflutt af Sinfóníuhljómsveitinni í Norrköping 1974. Aldarfjórðungi eftir frumflutning verksins skrifaði tónskáldið: „Kveikjan að *Flower Shower* voru þælingar mínar í zenbúddisma ... og svo langaði mig að semja langa laglínu – ekta melódíu sem væri bæði leikin og sungin. Og svo tengdist verkið því sem kallast rípmísk tónlist – ekki bara djassi eða poppi, heldur ýmsu öðru úr tónlistarhefð annarra menningarsvæða en þess evrópska.“

Tsjajkovskíj samdi sinfóníu nr. 5 árið 1888 og stjórnaði frumflutningi hennar

Fim. 13. SEPT. '12
19:30

Maurice Ravel

Píanókonsert í G-dúr

Maurice Ravel

Píanókonsert fyrir vinstri hönd

Pjotr Tsjajkovskíj

Sinfónía nr. 5

Ilan Volkov

hljómsveitarstjóri

Steven Osborne

einleikari

EFTIRLEIKUR » 22:00

Atli Heimir Sveinsson

Flower Shower

TÓNLEIKAKYNNING » 18:00

AUSTURRÍSKIR TÓNJÖFRAR



Bryndís Halla Gylfadóttir

Fim. 20. SEPT. '12
19:30

Joseph Haydn
Sellókonsert nr. 1 í C-dúr
Anton Bruckner
Sinfónía nr. 9

Ilan Volkov
hljómsveitarstjóri
Bryndís Halla Gylfadóttir
einleikari

EFTIRLEIKUR » 22:00
Morton Feldman
Coptic Light

Sagt hefur verið um sínfóníur Antons Bruckner að þær séu sem „dómkirkjur færðar í tóna“ og má segja að sú lýsing eigi vel við. Bruckner var organisti og einlægur trúmaður og endurspeglast það í verkum hans. Tónskáldinu entist ekki aldur til að ljúka við síðasta kafla sínfóníunnar en eftir standa þrír fullgerðir hlutar sem jafnan eru leknir sem 9. sínfónía Bruckners.

Lengi vel var tilvist sellókonserts Haydns í C-dúr ekkert annað en óljós grunur nokkurra fræðimanna. Árið 1961 fannst sellókonsertinn fyrir tilviljun á Þjóðskjalasafninu í Prag. Sellistinn Milan Sádlo frumflutti konsertinn 1962 sem síðan hefur öðlast sess sem einn helsti sellókonsert klassíska tímabilsins.

Bryndísi Höllu Gylfadóttur þarf ekki að kynna fyrir íslenskum tónleikagestum. Hún hefur um árabíl leitt sellósveit

Sínfóníuhljómsveitar Íslands og verið ötul á sviði kammertónlistar auk þess að hafa margsinnis komið fram sem einleikari með hljómsveitinni.

EFTIRLEIKUR

Coptic Light var frumflutt af Fílharmóníuhljómsveitinni í New York 1985. Verkið er eins og glitrandi vefur dempaðra hljóða þar sem engin tvö hljóðfæri leika á nákvæmlega sama máta. Við nánari hlustun koma í ljós mynstur en það er erfitt að henda reiður á þeim og þau breytast um leið og reynt er að fanga þau. Tónvefnaðurinn er þéttur en baðaður mildri birtu. Titill verksins er skírskotun í koptískan vefnað sem Feldman kynntist á Louvre-safninu í Frakklandi. Feldman var upprifinn af því hvernig slitur úr vefnaði gáfu til kynna grundvallar hugblæ tiltekens menningarheims. *Coptic Light* heyrir nú í fyrsta sinn á tónleikum á Íslandi.

TÓNLEIKAR Í HOFI



Á síðasta starfsári heimsótti Sínfóníuhljómsveit Íslands Norðurland og lék í Hofi, nýju og glæsilegu menningarhúsi. Mikil tilhlökkun er að halda norður á ný með tvö meistaraverk á efnisskránni: Sellókonsert nr. 1 í C-dúr eftir Haydn og Sínfóníu nr. 5 eftir Tsjajkovskíj sem ber höfundu sínum fagurt vitni. Bæði verkin eru einnig flutt í Hörpu af Sínfóníuhljómsveit Íslands á tónleikumum *Austurrískum tónjöfnum* og upphafs-tónleikum hljómsveitarinnar.

Einleikari í sellókonsert Haydns er Bryndís Halla Gylfadóttir sem er Íslendingum að góðu kunn fyrir framúrskarandi leikgleði og syngjandi flutningsmáta.

Ilan Volkov, aðalhljómsveitarstjóri Sínfóníuhljómsveitar Íslands, er mikill hvatamaður að auknum samskiptum á milli flytjenda og áheyrenda og hefur frá komu sinni til Íslands verið atkvæðamikill í flutningi nýrrar tónlistar. Hann stjórnar nú sínum fyrstu tónleikum á landsbyggðinni og er vel við hæfi að þeir séu í menningarhúsinu Hofi.

Miðasala í Hofi og á menningarhus.is

Fös. 21. SEPT. '12
19:30

Joseph Haydn
Sellókonsert nr. 1 í C-dúr
Pjotr Tsjajkovskíj
Sinfónía nr. 5

Ilan Volkov
hljómsveitarstjóri
Bryndís Halla Gylfadóttir
einleikari

TÖFRAVERÖLD DISNEYS



Fim. 27. SEPT. '12
19:30

Lau. 29. SEPT. '12
19:30

Tónlist úr smiðju Walts Disney

David Danzmayr

hljómsveitarstjóri

Felix Bergsson,

Stefán Hilmarsson og

Valgerður Guðnadóttir

einsöngvarar

Töfraheimur Disneys lifnar við á tónleikum fyrir ævintýrafólk á öllum aldri þar sem leikin og sungin er ódauðleg tónlist úr smiðju Walts Disney. Framlag Disneys til teiknimyndanna er óþarft að kynna en hann hefur oftast en nokkur annar einstaklingur hlotið Óskarsverðlaunin eftirsóttu. Á tónleikunum verða flutt eftirlætislög úr völdum myndum meistarans, syrrur í hljómsveitarbúningi og einsöngslög flutt af valinkunnum söngvörum í fremstu röð á Íslandi. Tónlist úr myndum Disneys hefur án efa ratað inn á fleiri heimili á heimsvísu en tónlist úr nokkrum öðrum myndum. Lögin hafa orðið að heimilisvinum og

sem slík órjúfanlegur hluti af fallegum minningarbrotum bernskuáranna. Hver kannast ekki við fjörga og taktfasta tónlistina úr Konungi ljónanna, rómantísku ballöðurnar úr Fríðu og dýrinu, dulúðugu tónana úr Aladdín og smellnu sönglöggin eins og Supercalifragilistic-expialidocious úr Mary Poppins.

Töfraveröld Disneys eru tónleikar fyrir alla fjölskylduna þar sem áheyrendum er boðið upp á einstaka upplifun með tímalausum kyrrmyndum úr kvikmyndum Disneys sem sýndar eru meðan á tónlistarflutningnum stendur.

UNGSVEIT SINFÓNÍUNNAR



Pláneturnar eftir Gustav Holst er eitt vinsælasta og glæsilegasta hljómsveitarverk 20. aldarinnar. Sjö reiki-stjörnum er lýst í áhrifamiklu tónmáli, allt frá upphafspættinum *Stríðsboðanum* Mars til lokabáttarins, Hins dulræna Neptúnusar, þar sem raddir Stúlknakórs Reykjavíkur óma eins og úr órafjarlægð. Tónlistin hefur hljómað í mörgum kvikmyndum og verið innblástur fyrir fjölda tónskálda. Holst var áhugasamur um stjörnufræði og þannig fæddist hugmynd að verki sem byggði á reikistjörnunum sjö.

Árið 2000 samdi Colin Matthews verk um Plútó og tileinkaði hann það minningu Imogen, dóttur Holst sem var samstarfskona Matthews til margra ára.

Í samvinnu við Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness og Stjörnufræðivefinn verður þátttakendum Ungsveitarinnar boðið á námskeið um stjörnufræði og

stjörnuskoðun. Einnig verður myndum af plánetunum varpað upp meðan á tónlistarflutningi stendur.

Baldur Brönnimann er tónleikagestur Sinfóníunnar að góðu kunnur og stjórnar Ungsveitinni nú í annað sinn. Brönnimann hefur áralanga reynslu af því að starfa með ungu fólki. Hann stofnaði Æskulýðshljómsveit Kólumbíu og hefur á skömmum tíma komið þeirri sveit í hóp bestu æskuljómsveita heims.

Undanfarin þrjú ár hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman undir merkjum Sinfóníuhljómsveitarinnar og náð undraverðum árangri undir leiðsögn framúrskarandi hljóðfæraleikara og stjórnenda. Ungsveit SÍ var tilnefnd sem Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum í flokki sígildrar/samtímatónlistar og djass.

Sun. 30. SEPT. '12
14:00

Gustav Holst

Pláneturnar

Colin Matthews

Plútó

Baldur Brönnimann

hljómsveitarstjóri

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Stúlknakór Reykjavíkur

Margrét J. Pálmadóttir

kórstjóri

FRÖST SNÝR AFTUR

„Það er freistandi að segja að ef Martin Fröst léki ekki á klarinett þá væri hann leikari eða dansari.“

ART DESK



Martin Fröst

Fim. 04. OKT. '12
19:30

Ralph Vaughan Williams

Fantasía um stef eftir Tallis

Claude Debussy

Première Rhapsodie

Anders Hillborg

Peacock Tales

César Franck

Sinfónía í d-moll

Yan Pascal Tortelier

hljómsveitarstjóri

Martin Fröst

einleikari

Fröst er án efa einn fremsti klarinett-leikari heims í dag. Hann hefur einstakan persónulegan stíl og býr yfir undra-verðri tækni. Í klarinettukonsertinum *Peacock Tales* eftir sænska tónskáldið Anders Hillborg mynda tónlist, dans og tjáning órofa heild í einu eftirtektar-verðasta tónverki síðari ára. Martin Fröst er tónleikagestum á Íslandi að góðu kunnur og hefur notið mikilla vinsælda fyrir túlkun og líflegan flutningsmáta.

Première Rhapsodie eftir Claude Debussy var samin á árunum 1909-10, draumkennd tónlist sem spennandi verður að hlýða á í flutningi Frösts. Hér leikur klarinettið seiðandi laglínur með litbrigðaríkri hljómsveitarútsetningunni.

Tallis-fantasían eftir Vaughan Williams var frumflutt árið 1910 og hefur síðan þá verið eitt rómaðasta verk enskra

tónbókmennta. Hljóðheimur verksins er magnaður þar sem strengjaleikurinum er skipt í þrjár misstórar hljómsveitir, allt frá 40 manna strengjasveit niður í strengjakvartett.

Þegar eina sínfónía Césars Franck var flutt í París 1889 hlaut hún dræmar undirtektir. Í dag eru þessi viðbrögð næsta óskiljanleg þar sem skýr uppbygging, dramatísk framvinda og tilfinningahiti eru ávísun á jákvæð viðbrögð og upplifun hlustenda.

Yan Pascal Tortelier hefur stjórnað öllum helstu stórhljómsveitum í heimi og stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum á Listahátíð 1998. Tortelier hefur lengi verið í samstarfi við Chandos-útgáfufyrirtækið þar sem verðlaunaútgáfur af hljómsveitartónlist eftir Debussy, Ravel, Franck, Roussel og Dutilleux ber hæst.

TÓNLEIKAKYNNING » 18:00

ÞÝSKIR SNILLINGAR



Sigrún Eðvaldsdóttir

Hans Nygaard

Í tilefni þess að hartnær 100 ár voru liðin frá andláti Johannesar Brahms leitaði hljómsveitarstjórinn Wolfgang Sawallisch til þýska tónskáldsins Wolfgangs Rihm og bað hann um að semja verk af því tilefni. Ernster Gesang er hugleiðing Rihms um Brahms en jafnframt er verkið samið um föður Rihms sem þá var nýlátinn.

Konsert fyrir fiðlu og selló, op. 102 eftir Brahms var síðasta hljómsveitarverk hans. Konsertinn samdi hann fyrir vin sinn, fiðluleikarann Josef Joachim og sellóleikarann Robert Hausmann sem um árabíl hafði leikið kammertónlist með Brahms. Konsertinn er vinsæll meðal einleikara enda gerir tónsmíðin báðum einleikurunum hátt undir höfði. Einleikarar eru þau Sigrún

Eðvaldsdóttir, konsertmeistari SÍ, og Hans Nygaard sellóleikari sem er einn af virtustu sellóleikurum Norðurlanda.

Hinn austurríski Hans Graf lærði á fiðlu og píanó auk hljómsveitarstjórnunar í Graz í Austurríki. Eftir að hann bar sigur úr bitum í Karl Böhm hljómsveitarstjórakeppninni hefur hann átt mikilli velgengni að fagna og var hann um árabíl aðalhljómsveitarstjóri Mozarteum hljómsveitarinnar í Salzburg. Í dag gegnir hann stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Houston.

Fim. 11. OKT. '12
19:30

Wolfgang Rihm

Ernster Gesang

Johannes Brahms

Konsert fyrir fiðlu og selló, op. 102

Robert Schumann

Sinfónía nr. 2

Hans Graf

hljómsveitarstjóri

Sigrún Eðvaldsdóttir

einleikari

Hans Nygaard

einleikari

TÓNLEIKAKYNNING » 18:00

BARNASTUND MEÐ SINFÓNÍUNNI



Lau. 20. OKT. '12
11:30

Barnastundin er ætluð yngstu hlustendunum. Í Barnastundinni er flutt tónlist í um það bil 30 mínútur í Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg. Tónlistin og lengd Barnastundarinnar er sérstaklega sniðin að þeim hópi sem er of ungur til að sitja heila tónleika í Litla tónsprotanum. Barnastundin með Sinfóníunni er börnum í fylgd forráðamanna sinna að kostnaðarlausu. Kynnir í Barnastundinni er trúðurinn Barbara og hljómsveitarstjóri er Guðmundur

Óli Gunnarsson. Sérstakur gestur verður Maxímús Músíkús. Vinsamlega takið með ykkur púða til að sitja á.

Í Barnastundinni laugardaginn 20. október verður 1. þáttur Leikfangasinfóníunnar eftir Leopold Mozart fluttur af meðlimum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, leikfangasextett skipaður börnum og Maxa. Einnig verður flutt úrval létttra og skemmtilegra laga sem koma öllum í gott skap.

NÁTTÚRAN DANSAR



Rumon Gamba

Sinfóníuhljómsveit Íslands, undir stjórn Rumons Gamba, hefur tekið upp fjölmörg verka franska tónskáldsins Vincents d'Indy fyrir Chandos-útgáfu-fyrirtækið. Útgáfunar hafa hvarvetna fengið frábæra dóma og árið 2008 var Sinfóníuhljómsveitin ásamt Gamba tilnefnd til Grammy-verðlaunanna. *Symphonie sur un chant montagnard français* er eins konar fantasía í þremur þáttum fyrir píanó og hljómsveit.

Hnotubrjóturinn eftir Pjotr Tsjaikovskij er eitt af ástsælustu verkum tónskáldsins. Undursamlegar laglínur og snilldar hljómsveitarskrif hafa gert það að verkum að tónlistin við *Hnotubrjótinn* er eitt af lífseigustu verkum tónlistarsögunnar.

Á árunum upp úr 1960 samdi Jón Leifs fjóra hljómsveitarforleiki sem lýsa íslenskri náttúru í tónum: Geysi, Heklu,

Dettifossi og Hafís. Upphaf Geysis er hægferðugt en skynja má glöggð þá krafta sem bíða eftir að verða leystir úr læðingi og smám saman eykst spennan uns hápunktur er náð og yfirþyrmandi kraftar náttúrunnar brjótast fram uns ró færir yfir á ný.

Fransk-kanadíski píanóleikarinn Louis Lortie debúteraði með Sinfóníuhljómsveit Montreal þegar hann var aðeins 13 ára og allar götur síðan hefur hann verið eftirsóttur píanisti um heim allan. Túlkanir hans á verkum Beethovens, Chopins og Ravels hafa fengið frábæra dóma.

Breski hljómsveitarstjórinn Rumon Gamba var aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2002-2010 og vakti hann ávallt athygli fyrir líflegan og innblásinn stíl sinn við hljómsveitarstjórn.

Fim. 25. OKT. '12
19:30

Jón Leifs

Geysi

Vincent d'Indy

Symphonie sur un chant montagnard français

Pjotr Tsjaikovskij

Hnotubrjóturinn, annar þáttur

Rumon Gamba

hljómsveitarstjóri

Louis Lortie

einleikari

VÍKINGUR SPILAR KEISARAKONSERTINN



Víkingur Heiðar Ólafsson

Fim. 08. NÓV. '12
19:30

Fös. 09. NÓV. '12
19:30

Ludwig van Beethoven

Píanókonsert nr. 5, Keisarakonsertinn

Ludwig van Beethoven

Kristur á Olúfjallinu

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Herdís Anna Jónasdóttir,

Sveinn Dúa Hjörleifsson og

Jóhann Smári Sævarsson einsöngvarar

Mótettukór Hallgrímskirkju

Hörður Áskelsson kórstjóri

EFTIRLEIKUR 08.11. » 22:00

Olivier Messiaen *Et exspecto resurrectionem mortuorum*

Keisarakonsertinn er síðasti píanó-konsertinn sem Beethoven samdi og sá tignarlegasti. Konsertinn gerir miklar kröfur til einleikarans, horfir fram á veginn hvað hljómaðal og styrkleikabreytingar varðar. *Keisarakonsertinn* var saminn 1809 og frumfluttur í Leipzig 1811 af Friedrich Schneider og Gewandhaus hljómsveitinni.

Óratórían *Kristur á Olúfjallinu* (*Christus am Ölberge*) er nú flutt í fyrsta sinn á Íslandi. Óratórían, sú eina sem Beethoven samdi, er fyrir einsöngvara, kór og hljómsveit. Einsöngvararnir þrír, sópran, tenór og bassi, eru í hlutverkum engilsins, Jesú og Péturs postula. Textinn lýsir angist Jesú í Getsemanegarðinum til þeirrar stundar þegar hann er tekinn höndum. Lokabáttur óratóríunnar er englakór,

fagnandi Hallelúja, sem endar í dýrðlegri fúgu. Mikilfengleiki og kraftur í Hallelújabætti verksins á sér fáar hliðstæður.

Tónverk Beethovens skipa veigamikinn sess í verkefnaskrá Víkings Heiðars Ólafssonar. Í byrjun september leikur hann *Keisarakonsertinn* á tónleikum í Svíþjóð og endurtekur leikinn í nóvember með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Volkovs. Víking þarf vart að kynna fyrir tónleikagestum, hann hefur leikið á mörgum ógleymanlegum tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar undanfarin ár, meðal annars á opnunartónleikum Hörpu 2011, undir stjórn Ashkenazys.

„Konsertinn er innblásinn af stórbrotinni og geislandi sýn, göfugri sýn frelsis.“

Alfred Brendel píanóleikari um Keisarakonsert Beethovens



Herdís Anna Jónasdóttir

Jóhann Smári Sævarsson

Sveinn Dúa Hjörleifsson

Herdís Anna Jónasdóttir söng sig inn í hjörtu tónleikagesta á Tectonics-tónlistarhátíðinni þar sem hún flutti sönglög Magnúsar Blöndals Jóhannssonar með Árna Heimi Ingólfssyni af einstöku næmi. Síðar um vorið söng hún hlutverk Musettu í *La Bohème* í Íslensku óperunni við einstaklega góðar undirtektir.

Sveinn Dúa Hjörleifsson hefur hlotið mikið lof fyrir silkimjúka rödd sína og er fastráðinn næstu tvö leikár við Landestheater Linz í Austurríki. Sveinn Dúa gaf nýverið út hljómdiskinn *Væð* með íslenskum sönglögum sem fékk mjög góða dóma.

Jóhann Smári Sævarsson hefur sungið yfir 50 hlutverk á ferlinum við fjölda óperuhúsa í Evrópu. Í Íslensku óper-

unni hefur hann meðal annars sungið í *Flagara í framsókn*, *La traviata*, *Rigoletto*, *Töfraflautunni* og nú síðasta vor í *La Bohème*. Jóhann Smári er handhafi menningarverðlauna Reykjanesbæjar.

Mótettukór Hallgrímskirkju undir stjórn Harðar Áskelssonar hefur marg oft sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og nú síðast á eftirminnilegum tónleikum í vor þegar Níunda sinfónía Beethovens var flutt undir stjórn Hannu Lintu á tvennum tónleikum.

EFTIRLEIKUR

Et exspecto resurrectionem mortuorum var samið 1964. Umfang verksins er stærra en í fyrri tónsmíðum Messiaens fyrir blásara og slagverk – ekkert píanó, engir sýlafónar, aðeins bjöllur, gong og 34 manna blásarahópur. Verkið er

ætlað til flutnings í stærri rýmum eins og í dómkirkjum eða jafnvel utandyr. Verkið er samið sem minnisvarði um lok heimsstyrjaldanna tveggja. Í stað þess að skrifa sálumessu kaus Messiaen að einblína ekki á stríðshryllinginn heldur semja íhugun um dauðann út frá upprisu Krists.

POHJONEN SPILAR MOZART



Juho Pohjonen

Fim. 15. NÓV. '12
19:30

Pierre Boulez
Rituel in memoriam Bruno Maderna
W.A. Mozart
Píanókonsertr í c-moll, K. 491
Carl Nielsen
Sinfónía nr. 4

François Xavier Roth
hljómsveitarstjóri
Juho Pohjonen
einleikari

Franski hljómsveitarstjórinn François Xavier Roth hefur vakið mikla athygli á undanförunum árum og er einn af eftirsóttari hljómsveitarstjórum af yngri kynslóðinni. Hann vann Donatella Flick hljómsveitarstjórakeppnina árið 2000 og varð í framhaldi af því aðstoðarhljómsveitarstjóri Lundúnasinfóníunnar. Hann var í mörg ár aðstoðarmaður Johns Eliot Gardiner, meðal annars í uppfærslum á *Les troyens*, *Benvenuto Cellini* og *Faust*. Hann er gestastjórnandi hjá BBC hljómsveitinni í Wales og nýverið var hann ráðinn aðalstjórnandi SWR útvarpshljómsveitarinnar í Baden-Baden og Freiburg.

Í tónverkinu *Rituel in memoriam Bruno Maderna* er hljómsveitinni skipt upp í

átta hópa sem staðsettir eru á mismunandi stöðum í tónleikarýminu og skapar það einstaka hljóðupplifun. Franska tónskáldið, hljómsveitarstjórinn og píanistinn Pierre Boulez, samdi verkið árið 1975 til minningar um vin sinn, ítalska tónskáldið og hljómsveitarstjórnann Bruno Maderna.

Carl Nielsen samdi sex sinfóníur sem allar geta talist mikilvægt framlag til tónlistararfleifðar 20. aldarinnar. Hin stórbrotna fjórða sinfónía Nielsens var samin í lok fyrri heimsstyrjaldar og er eins konar óður til lífsins í lok erfiðra tíma. Sinfónían var frumflutt undir stjórn tónskáldsins í sal Oddfellow-reglunnar í Kaupmannahöfn 1916. Verkið er fallegur vitnisburður um trú

„Skýrleiki, litbrigði, sterk tilfinning fyrir laglínu og sveigjanleiki einkenna leikmáta Pohjonens. Með flauelsmjúkum áslætti laðar hann fram tjáningarríkt og syngjandi legato og hljómandi staccato.“

Classical Music Guide 2010



François Xavier Roth

á mannkynið og lífið sjálft og er ein af lykilsinfóníum norrænna tónskálda.

Juho Pohjonen er einn fremsti hljóðfæraleikari Finnlands af yngri kynslóðinni og hefur haslað sér völl sem einn hæfileikaríkasti píanóleikari Norðurlandanna. Pohjonen hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna og árið 2009 valdi Andrés Schiffr hann efni-legasta listamann píanóhátíðarinnar í Ruhr í Þýskalandi. Pohjonen hefur leikið með öllum stærstu hljómsveitum Norðurlandanna og mörgum af fremstu sinfóníuhljómsveitum heims.

Píanókonsertr Mozarts í c-moll er án nokkurs vafa eitt af meistaraverkum klassíska tímabilsins. Konsertinn er

einn af allra vinsælustu verkum Mozarts, saminn árið 1786 þegar frægðarsól tónskáldsins skein hvað skærast. Lokakaflinn með sex tilbrigðum sýnir ótvíræða snilligáfu tónskáldsins og hafði Beethoven á orði að enginn annar en Mozart gæti samið á þennan veg.

ÞRÍR KONSERTAR OG SINFÓNÍA



John Storgårds



Christian Tetzlaff

Fim. 22. NÓV. '12
19:30

Haukur Tómasson
Höfuðskepnur, konsert fyrir hljómsveit
Karol Szymanowski
Fiðlukonsert nr. 1
Karol Szymanowski
Fiðlukonsert nr. 2
Jean Sibelius
Sinfónía nr. 7

John Storgårds
hljómsveitarstjóri
Christian Tetzlaff
einleikari

Það er engum ofsögum sagt að fiðluleikarinn Christian Tetzlaff sé eitt stærsta nafnið á meðal fiðluleikara heimsins í dag. Hann hefur unnið með hljómsveitarstjórum á borð við Pierre Boulez, Esa-Pekka Salonen, Daniel Harding og Kent Nagano og hefur fiðluleikur hans verið gefinn út af EMI og Deutsche Gramophone. Tetzlaff leikur báða fiðlukonserta pólska tónskáldsins Karols Szymanowski sem eru af mörgum taldir með mikilvægari fiðlukonsertum 20. aldarinnar.

Sjöunda og síðasta sinfónía Sibeliusar er í senn óvanalegt og stórbrotið verk. Að forminu til er verkið óvanalegt enda aðeins í einum þætti. Frjálsleg meðferð tóntegunda og hugmyndarík úrvinnsla hraðabreytinga og áferðar gera þetta verk einstakt.

Það er ávallt tilhlökkunarefni þegar von er á nýju verki frá Hauki Tómassyni enda hefur hann um árabíl verið í framvarðasveit íslenskra tónskálda. *Höfuðskepnur, konsert fyrir hljómsveit* var pantað af Sinfóníuhljómsveit Íslands og er því um frumflutning að ræða.

Finnski hljómsveitarstjórinn John Storgårds hóf feril sinn sem fiðluleikari og var einn af stofnendum kammerhópsins Avanti. Hann nam hljómsveitarstjórn hjá Jorma Panula, hefur á skömmum tíma komist í fremstu röð finnskra hljómsveitarstjóra og er í dag aðalstjórnandi Filharmóníusveitar Helsinki.

STAR WARS TÓNLEIKAR



Star Wars

John Williams er einn þekktasti og farsælasti tónsmiður í sögu Bandaríkjanna. Hann hefur verið tilnefndur í liðlega fjörutíu skipti til Óskarsverðlaunanna og hreppt þau fimm sinnum. Afrekalisti hans er of langur til að tæpa á hér en tónlist hans hefur öðlast alþjóðlega viðurkenningu og fádæma vinsældir. Í Stjörnustríðsmyndunum er áhorfandinn kynntur fyrir stjörnuþöku í órafjarlægð, nýrri veröld með framandi verum. Á sama tíma hafa kvikmyndaunnendur uppgötvað, með tónlist Johns Williams, enn aðra veröld, þann magnaða hljóðheim sem hljóðfæri sinfóníuhljómsveitar skapa.

Þar sem sögusvið Stjörnustríðsmyndanna er ekki jarðneskt og sögupersónurnar ævintýralegar gefur Williams þeim mannleg einkenni og tilfinningar með því að semja tónlist sem stendur okkur jafn nærri og sögu-

persónurnar eru fjarlægjar. Williams sagði eitt sinn í viðtali: „Sem hljóðfæri er sinfóníuhljómsveit ein af mestu uppfinningum mannshugans. Og þar sem hljómsveitin hefur þroskast í yfir 200 ár spannar tjáningarhæfni hennar ótrúlega vítt svið.“

Árið 2009 hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands tónleika með kvikmyndatónlist eftir John Williams og komust færri að en vildu. Það má því segja að Stjörnustríðstónleikarnir séu viðburður sem enginn aðdáandi kvikmyndatónlistar geti látið fram hjá sér fara.

Mið. 28. NÓV. '12
19:30
Fim. 29. NÓV. '12
19:30

John Williams
Tónlist úr Stjörnustríðsmyndunum

Lucas Richman
hljómsveitarstjóri

„Megi mátturinn vera með þér“

Obi-Wan Kenobi, Star Wars

AÐVENTUTÓNLEIKAR – MESSÍAS

Mið. 05. DES. '12
19:30
Fim. 06. DES. '12
19:30

Georg Friedrich Händel
Messías

Nicholas Kraemer
hljónsveitarstjóri
Helen-Jane Howells,
Marianne Beate Kielland,
James Gilchrist og
Roderick Williams
einsöngvarar
Kór Áskirkju
Magnús Ragnarsson
kórstjóri

Óratórían *Messías* er eitt frægasta tónverk sem samið hefur verið og er víða ómissandi þáttur í jólaundirbúningnum. Fá meistaraverk sígildrar tónlistar eru jafn oft flutt við þvílíkar vinsældir og óratoría Händels. Händel var á miðjum aldri þegar hann samdi óratóriuna, hafði ferðast víða og þróað með sér sterkan persónulegan stíl – ókrýndur meistari sviðsuppfærslnanna.

Einvalalið söngvara kemur fram á þessum tónleikum. Helen-Jane Howells sópran hóf feril sinn sem tónlistarkennari, flautuleikari og djass-söngkona. Hún hefur meðal annars sungið með The Gabrieli Consort, The Academy of Ancient Music og Les Arts Florissant undir stjórn Williams Christie. Fyrir síðustu jóla söng hún í árlegri uppfærslu á *Messíasi* við kertaljós í Royal Festival Hall.

Marianne Beate Kielland mezzósópran er einn fremsti söngvari Norðurlanda og ein fárra Norðurlandabúa sem hefur verið tilnefnd til Grammy-verðlaunanna. Hún kemur reglulega fram með Akademie für alte Musik Berlin, Concert des Nations, Bach Collegium í Japan og öllum helstu hljónsveitum Noregs.

James Gilchrist tenórsöngvari er í fremstu röð lýrískra tenóra og íslenskum tónlistarunnendum að góðu kunnur. Gilchrist er læknir að mennt en snéri sér alfarið að tónlist 1996. Hann hefur komið fram með helstu hljónsveitum og stjórnendum í barokkgeiranum eins og Matthew Halls og John Eliot Gardiner. Hann hefur sungið einsöng í öllum helstu söngverkum barokk- og klassíska tímans.

Roderick Williams barítón hefur komið fram með leiðandi hljónsveitum í



Nicholas Kraemer



Marianne Beate Kielland

Roderick Williams

James Gilchrist

„Verkið var prýðilega flutt og veitti óblandna ánægju öllum þeim sem viðstaddir voru; hinir mestu kunnáttumenn kváðu það vera bestu tónsmíð sem nokkru sinni hefði heyrst.“

Um Messías eftir Händel í Dublin Journal 1742.

Evrópu og komið margsinnis fram á Proms-tónlistarhátíðinni í Bretlandi. Hann syngur allt frá Monteverdi til Peters Maxwell Davies. Hann hefur sungið inn á fjölda hljómplatna og hlotið sérstakt lof fyrir flutning sinn á breskum sönglögum.

Stjórnandinn og semballeikarinn Nicholas Kraemer er mörgum kunnur eftir eftirminnilega tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Langholtskirkju 2008 og í Háskólabíói 2010. Kraemer hefur meðal annars stjórnað og komið fram með Berlínar Filharmóníunni, BBC hljónsveitunum, Sinfóníuhljómsveit Chicagoborgar og Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham. Hann hefur verið atkvæðamikill í flutningi barokktónlistar og klassíkur og gefið út fjölda geisladiska. Kraemer er fastur gestastjórnandi hjá Camerata í Manchester og aðalgestastjórnandi

Music of the Baroque kammersveitarinnar í Chicago og Sinfóníuhljómsveitarinnar í Kristiansand.

Kór Áskirkju, undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar, syngur *Messías* í annað sinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í fyrra fengu flytjendur einróma lof fyrir frammistöðu sína en uppselt var á aðventutónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar undir stjórn Matthews Halls.

JÓLATÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR



Lau. 15. DES. '12
14:00, 16:00

Sun. 16. DES. '12
14:00

Jólaforleikur í hátíðarútsetningu

Sigurðar Ingva Snorrasonar

Guðni Franzson *Jólasveinasvíta*

Katherine K. Davis *Litli trommuleikarinn*

Howard Blake *Úr Snjókarlinum*

Sígildir jólasöngvar

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara kynnir

Þóra Einarsdóttir einsöngvari

Ungir trommuleikarar

Nemendur úr Listdansskóla Íslands

Bjöllukór Tónlistarskóla

Reykjanesbæjar

Karen Sturlaugsson stjórnandi

Stúlknakór Reykjavíkur

Margrét J. Pálmadóttir kórstjóri

Jólatónleikar Sinfóníunnar eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna á Íslandi. Í ár, sem endranær, verður hátíðleikinn í fyrirrúmi með þjóðlegu ívafi. Nýr jólaforleikur í hátíðarútsetningu Sigurðar Ingva Snorrasonar lítur dagsins ljós þar sem sígild íslensk jólalög eru í forgrunni. Jólasveinasvíta Guðna Franzsonar, með Halldóru Geirharðsdóttur sögumanni, leggur út frá *Jólasveinavísu* Jóhannesar úr Kötlum og má vera að bæði Grýla og jólakötturinn gægist inn í Eldborgarsal Hörpu. Úr því þjóðlega er farið yfir í ástsælt erlent jólagag, *Litla trommuleikarann*, sem verður flutt af ungum slagverksnemendum. Trommuslátturinn kemur öllum í réttan takt fyrir glæsileg tilþrif nemenda Listdansskóla Íslands sem túlka sívinsælt tónverk Howards Blake um *Snjókarlinn*. Sígild jólalög eiga fastan sess á jólatónleikunum og verða flutt af Þóru

Einarsdóttur sópransöngkonu og Stúlknakór Reykjavíkur. Tónleikunum lýkur á nýrri og hátíðlegri útsetningu Sigurðar Ingva Snorrasonar af *Heims um ból* þar sem bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar hringir inn jólin og kemur öllum í sannkallað hátíðarskap.





„Valsinn fer aldrei úr tísku, hann er alltaf rétt handan við hornið og snýr svo ætíð til baka með gleði.“

H.L. Mencken



Hulda Björk Garðarsdóttir

Árlegir Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar og ekki að undra þar sem glæsileiki og gleði einkenna Vínartónlistina sem mörgum þykir ómissandi upphaf á nýju ári.

Á Vínartónleikunum 2013 hljómar sígild Vínartónlist undir stjórn Peters Guth sem er Íslendingum að góðu kunnur en hann hefur margsinnis stjórnað og leikið á fjörugum Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Guth hefur átt mikilli velgengni að fagna, bæði sem fiðluleikari og hljómsveitarstjóri. Hann hefur skapað sér nafn sem einn fremsti flytjandi heims á tónlist Strauss feðga og annarri Vínartónlist. Guth er eftirsóttur gestastjórnandi víða um heim og hvarvetna hlotið lof og framúrskarandi undirtektir við líflegri framkomu sinni og túlkun.

Einsöngvari á Vínartónleikunum er sópransöngkonan Hulda Björk Garðarsdóttir sem er landsmönnum að góðu kunn en síðastliðið vor söng Hulda Björk Mimi í *La Bohème*, í Íslensku óperunni, og tók þátt í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Níundu sífóníu Beethovens við góðar undirtektir. Nýverið tók Hulda Björk á móti ARAM-heiðursviðurkenningu frá Konunglegu Tónlistarakademiunni í Englandi vegna söngferils síns og árið 2007 var Hulda Björk tilnefnd til Grímuverðlaunanna. Hulda Björk hefur sungið burðarhlutverk við Íslensku óperuna, óperuhús á Norðurlöndum og í Bretlandi.

Fim. 10. JAN. '13
19:30

Fös. 11. JAN. '13
19:30

Lau. 12. JAN. '13
16:00

Peter Guth
hljómsveitarstjóri
Hulda Björk Garðarsdóttir
einsöngvari

UNGIR EINLEIKARAR



Pri. 15. JAN. '13
19:30

Dagskrá kynnt síðar

Bernharður Wilkinson

hljómsveitarstjóri

Sigurveggarar úr einleikarakeppni

SÍ og LHÍ

Á hverju ári fer fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur að í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin nemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja, og fá þeir hlutskörpustu að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hver einleikari flytur hálf tíma dagskrá með verkum af ólíkum toga en dómnefnd keppninnar skipar tónlistarfólk í fremstu röð. Það er stór stund þegar vinningshafar stíga á svið með hljómsveitinni en á þessum tónleikum ríkir ávallt eftirvænting og gleði yfir þeim

krafti sem býr í unga tónlistarfólkinu okkar. Sinfóníuhljómsveitin og Listaháskóli Íslands leiða saman hesta sína og styðja við okkar efnilegasta tónlistarfólk á leið þess inn í heim atvinnumennskunnar. Á sama tíma fá áheyrendur tækifæri til að fylgjast með þroska og framförum þessa unga listafólks.

Einleikarakeppni SÍ og LHÍ fer fram í október 2012 og í kjölfarið verða nöfn vinningshafa birt á vefsvæði Sinfóníuhljómsveitarinnar.

HAYDN, MOZART OG GRIEG



Sally Matthews

Breska sópransöngkonan Sally Matthews er ein eftirsóttasta söngkona sinnar kynslóðar í Evrópu. Öll helstu óperuhús álfunnar eru á meðal fastra viðkomustaða hennar og má þar nefna Vínaróperuna, Covent Garden og Glydebourne-hátíðina. Á óperusviðinu hefur hún vakið verðskuldaða athygli fyrir túlkun sína á Mozart og er það því sérstakt tilhlökkunarefni að heyra þessa frábæru söngkonu flytja nokkrar af aríum meistarans.

Joseph Haydn hefur verið nefndur faðir sínfóníuformsins og það ekki að ástæðulausu. Hann hafði afgerandi áhrif á þróun formsins auk þess að semja sjálfur 104 sínfóníur sem er einsdæmi í tónlistarsögunni. Sinfóníu nr. 104 samdi Haydn er hann bjó í

London og var verkinu vel tekið við frumflutning og hafa vinsældir þess ekki dvínað.

Edvard Grieg samdi Holberg-svítuna árið 1884 í tilefni þess að 200 ár voru liðin frá fæðingu dansk-norska leikritaskáldsins og rithöfundarins Ludvigs Holberg. Holberg-svítan er óður til liðins tíma og er undirtitill verksins „svíta í gömlum stíl“.

Norski hljómsveitarstjórinn Eivind Aadland stjórnar nú Sinfóníuhljómsveit Íslands í fjórða sinn og hefur hann á liðnum árum vakið mikla hrifningu tónleikagesta Sinfóníuhljómsveitarinnar. Aadland er nú aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Brándheimi.

Fös. 18. JAN. '13
19:30

Edvard Grieg

Holberg-svítan

W.A. Mozart

Lungi da te, mio bene

(úr Mitridate, re di Ponto)

Dove sono i bei momenti

(úr Brúðkaupi Fígarós)

Voi avete un cor fedele,
konsertaría K. 217

Ah se in ciel, benigne stele,
konsertaría K. 538

Joseph Haydn Sinfónía nr. 104,
Lundúnasinfónían

Eivind Aadland hljómsveitarstjóri
Sally Matthews einsöngvari

MAHLER OG BERNSTEIN



Eivind Aadland

Fim. 24. JAN. '13
19:30
Fös. 25. JAN. '13
19:30

Leonard Bernstein
Chichester Psalms
Gustav Mahler
Sinfónía nr. 1

Eivind Aadland hljómsveitarstjóri
Hamrahlíðarkórarnir
Þorgerður Ingólfssdóttir
kórstjóri

Leonard Bernstein markaði djúp spor í menningu Bandaríkjanna á 20. öld sem tónskáld, hljómsveitarstjóri, sjónvarpsstjarna, píanisti og kennari. Sjálfur var Bernstein gyðingur og hafa mörg verka hans skírskotun til gyðingatráur. Svo er einnig farið með *Chichester Psalms* sem byggja á Davíðssálmum en eru sungnir á hebresku. Þrátt fyrir trúarlegan þunga textans er tónverkið iðandi af lífi.

Tónlist Gustavs Mahler lá í hálfgerðri þögn lengi fram eftir 20. öldinni og var það meðal annars fyrir tilstilli Leonards Bernstein að verk Mahlers fengu þá athygli og viðurkenningu sem þeim bar. Gustav Mahler var í lifanda lífi þekktari sem hljómsveitarstjóri en sem tónskáld. Um fyrstu sínfóníu Mahlers hefur verið sagt að fá dæmi, ef nokkur, séu til um jafn fullburða frumraun tónskálds.

Hamrahlíðarkórarnir hafa um áratuga-skeið verið í fararbroddi íslenskra æskukóra. Haustið 2012 eru 45 ár frá því að Kór Menntaskólans við Hamrahlíð var stofnaður, og kór eldri nemenda, Hamrahlíðarkórinn, heldur upp á 30 ára afmæli sitt um sama leyti. Kórarnir hafa unnið hvern sigurinn af öðrum á tónleikum og tónlistarhátíðum víða um heim.

Þorgerður Ingólfssdóttir hefur vakið athygli og aðdáun bæði innanlands og utan fyrir starf sitt með ungu fólki á tónlistarsviðinu. Undir hennar stjórn hafa Hamrahlíðarkórarnir komið fram á þúsundum tónleika. Þorgerður hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir störf sín, nú síðast nafnbót borgarlistamanns Reykjavíkur árið 2012.

SINFÓNÍAN Á MYRKUM



Una Sveinbjarnardóttir

Gunnar Andreas Kristinsson

Páll Ragnar Pálsson

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar á Myrkum músíkdögum verða frumflutt þrjú tónverk eftir þá Gunnar Andreas Kristinsson, Davíð Brynjar Franzson og Pál Ragnar Pálsson sem eru af yngri kynslóð íslenskra tónskálda. Auk þess verður flutt verkið *Cheveux-de-frise* eftir írsku tónskáldið Gerald Barry. Verkið var pantað af BBC og vakti gríðarlega athygli þegar það var frumflutt á Proms-hátíðinni í London árið 1988. Gerald Barry nam hjá Stockhausen og Kagel en hann vakti fyrst eftirtekt 1979 með róttækum samspilsverkum á borð við '_____' og Ø.

Una Sveinbjarnardóttir er konsert-meistari Kammersveitar Reykjavíkur og fastráðinn hljóðfæraleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Una hefur komið víða fram sem einleikari, leikið

fiðlukonserta eftir Sjostakovitsj, Glass, Beethoven og Draumnökkva og fiðlukonsert Atla Heimis Sveinssonar með Sinfóníuhljómsveitinni.

Tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar er mikilvægur vettvangur nýrrar og framsækinnar tónlistar hér á landi. Myrkir músíkdagar hafa verið starfræktir allt frá árinu 1980 og eru einn af föstum punktum íslenskrar tónlistarflóru.

Fim. 31. JAN. '13
19:30

Gunnar Andreas Kristinsson
Gangverk englanna
Páll Ragnar Pálsson
Nýtt verk fyrir hljómsveit og fiðlu
Davíð Brynjar Franzson
Nýtt verk
Gerald Barry
Cheveux-de-frise

Ilan Volkov
hljómsveitarstjóri
Una Sveinbjarnardóttir
einleikari

CARMINA BURANA



Fim. 07. FEB. '13
19:30

W.A. Mozart
Sinfónía nr. 35, Haffner
Carl Orff
Carmina Burana

Hermann Bäumer
hljómsveitarstjóri
Sigrún Hjálmtýsdóttir,
Einar Clausen og
Hrólfur Sæmundsson
einsöngvarar
Kór Áskirkju
Magnús Ragnarsson
kórstjóri

Líklegt má telja að ekkert klassískt tónverk frá 20. öld hafi notið jafn mikilla vinsælda og *Carmina Burana* eftir þýska tónskáldið Carl Orff. Heiti verksins kemur úr handriti frá 12. og 13. öld þar sem er að finna trúar-, drykkju- og ástarsöngva. Upphafskaflinn O Fortuna, þar sem sungið er um gæfu-hjólið sem snýst í sífellu og breytir stöðu manna á augabragði, er án efa þekktasti hluti verksins en tónlistina úr *Carmina Burana* má heyra víða, meðal annars í auglýsingum, kvikmyndum og tölvuleikjum.

Sigrún Hjálmtýsdóttir hefur um árabíl verið ein ástsælasta söngkona þjóðarinnar. Hún söng á þrennum Vínar-tónleikum Sinfóníunnar síðasta vetur við fádæma góðar undirtektir. Sigrún hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2011 sem söngvari ársins.

Tenórsöngvarinn Einar Clausen er með afar breitt söngsvið og er jafnvigur á tenór- og barítónhlutverk. Hann hefur komið víða fram sem einsöngvari með kórum og hljómsveitum og hefur verið mikilvirkur í kirkjutónlistarlífi á Íslandi.

Hrólfur Sæmundsson barítónsöngvari er fastráðinn við óperuhúsið í Aachen í Þýskalandi en kemur auk þess víða fram sem gestasöngvari. Hrólfur hlaut mikið lof fyrir söng sinn í hlutverki Schauburds í uppfærslu Íslensku óperunnar á *La Bohème* síðastliðið vor.



Sigrún Hjálmtýsdóttir Hrólfur Sæmundsson Einar Clausen

Árið 1782 fékk Mozart beiðni um að semja verk í tilefni af því að til stóð að slá aðalsmanninn Sigmund Haffner til riddara. Mozart var um þetta leyti önnur kafinn; hann var að stjórna óperu sinni, *Brottnáminu úr kvennabúrinu*, vann við tónsmíðar og var um það bil að ganga í hjónaband. Hann lét þó til leiðast og samdi kvöldlokku í sex þáttum. Þegar Mozart var beðinn nokkru síðar að stjórna tónleikum með eigin verkum vantaði hann sífóníu. Hann greip til þess ráðs að fækka um tvo þætti í kvöldlokkunni sem tileinkuð var Haffner og stækka hljómsveitina, úr varð Haffner-sinfónían nr. 35.

Þýski hljómsveitarstjórinn Hermann Bäumer hóf tónlistarferil sinn sem básúnuleikari og var meðal annars básúnuleikari hjá Fílharmóníusveit Berlínar. Hann hefur víða komið fram og hélt meðal annars um tónsprotann þegar Edda I eftir Jón Leifs var frumflutt árið 2006. Bäumer er aðalstjórnandi Ríkisleikhússins og Óperunnar í Mainz.

VESTUR UM HAF



Garrick Ohlsson

Pri. 26. FEB. '13
19:30

Anna Þorvaldsdóttir
AERIALITY
Edvard Grieg
Píanókoncert í a-moll
Hlynur Aðils Vilmarsson
Nýtt verk
Jean Sibelius
Lemminkäinen-svíta

Ilan Volkov
hljómsháttarstjóri
Garrick Ohlsson
einleikari

Sinfóníuhljómsveit Íslands er boðið á Norrænu menningarhátíðina Nordic Cool sem Kennedy Center í Washington DC stendur fyrir dagana 19. febrúar til 17. mars 2013. Sinfóníuhljómsveit Íslands flýgur vestur um haf með spennandi efnisskrá í farteskinu sem flutt verður í Hörpu fyrir tónleikaförina.

Af fjórum tónverkum efnisskrárinnar eru tvö íslensk tónverk, *Nýtt verk* eftir Hlyn Aðils Vilmarsson og *AERIALITY* eftir Önnu Þorvaldsdóttur sem frumflutt var á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 2011. Anna Þorvaldsdóttir hlaut Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs nú í vor fyrir verkið *Dreymi* sem einnig var frumflutt af Sinfóníuhljómsveitinni. Efnisskrána fullkomna svo tvö skandínavísk tónverk, píanókoncert í a-moll eftir Edvard Grieg og

Lemminkäinen-svítan op. 22 eftir Jean Sibelius.

Bandaríski píanóleikarinn Garrick Ohlsson vann til fyrstu verðlauna í Chopin-píanókeppninni árið 1970. Síðan þá hefur hann öðlast alþjóðlegan sess sem einleikari og verið talinn einn fremsti túlkandi tónlistar Chopins. Þessi fyrrum nemandi Claudios Arrau hefur yfir áttatíu einleikskoncerta á valdi sínu, allt frá Haydn og Mozart til verka 21. aldarinnar.

Sinfóníuhljómsveit Íslands verður með sérstaka barna- og fjölskyldutónleika í Kennedy Center þar sem Maxímús Músíkús leikur á alls oddi. Tónleikarnir eru haldnir að ósk forsvarsmanna menningarmiðstöðvarinnar og er enginn vafi á því að Maxi á eftir að heilla alla nærstadda upp úr skónum.

NÁTTFATAPARTÝ



Það er tilvalið að láta fara vel um sig í náttfatapartíi Sinfóníunnar þar sem falleg næturtónlist og ljúfar kvöldlokkur ásamt vögguvísnum hljóma í vel stilltum ljósum Eldborgarsalar Hörpu. Hvað er unaðslegra en að lygna aftur augunum og svífa á vit drauma undir slíkri tónlist. *Eine kleine Nachtmusik* er eitt þekktasta verk Mozarts og er þó af nógu að taka. Tónlistin er einstaklega ljúf og lagræn og kemur flestum í gott jafnvægi sem á hana hlusta. En í öllum náttfatapartíum þarf góða draugasögu, eitthvað til að halda fólki vakandi, allavega í smástund. Slíkir spennutónar slæðast með á þessa tónleika en einnig tónlist sem kveður niður allan draugagang. Með titillagi myndarinnar Ghostbusters kveður Sinfóníuhljómsveit Íslands niður alla móra og skottur sem leynast í Hörpu.

Sigurður Flosason vaggar okkur í svefn með vögguvísuna *Sofðu unga ástin mín* og fer með okkur í þjóðsagnarkennt ferðalag með flutningi lagsins *Móðir mín í kví, kví*, þar sem hann galdrar fram ótrúlega töfra úr sínu seiðmagnaða hljóðfæri.


Gaman er að koma í náttfötunum með uppáhalds bangsann sinn á tónleikana.

Lau. 09. MARS '13
14:00

W.A. Mozart
Eine kleine Nachtmusik
Veigar Margeirsson
Sofðu unga ástin mín, úr konsert fyrir saxófón
Ray Parker yngri
Draugabánar
Þjóðlag
Móðir mín í kví, kví
Alexandre Desplat
Harry Potter og dauðadýsnin, svíta

Bernharður Wilkinson
hljómsháttarstjóri
Trúðurinn Barbara
kynnir
Sigurður Flosason
einleikari

DRAUMÓRASINFÓNÍAN



Baldur Brönnimann

Jennifer Pike

Fim. 14. MARS '13
19:30

Modest Músorgskij

Nótt á nornagnípu

Hafliði Hallgrímsson

Konsert fyrir fiðlu og hljómsveit, op. 46

Hector Berlioz

Draumórasinfónían

Baldur Brönnimann

hljómsveitarstjóri

Jennifer Pike

einleikari

Árið 2002 hlaut Jennifer Pike fiðlu-leikari hin virtu verðlaun frá BBC, Young Musician of the Year, aðeins 12 ára gömul, yngst allra vinningshafa. Í desember 2011 frumflutti Pike Fiðlukonsert Hafliða Hallgrímssonar með Skosku kammerhljómsveitinni undir stjórn Enrique Mazzola. Fiðlukonsertinn var saminn að beiðni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og skrifaður fyrir Jennifer Pike. Fiðlukonsertinn hefur hlotið feykigóðar viðtökur og lofsamlega dóma.


Verk Músorgskíjs hafa notið mikillar hylli og ekki að ósekju. *Nótt á nornagnípu* er magnað og myndrænt verk, innblásið af rússnesku sögninni um djöfladýrkun á Trigalaff-fjalli á Jónsmessunótt og öfl hins illa sem leggja á flóttu þegar kirkjuklukkur hringja í fjarska í dagrenningu.

Draumórasinfónían er fyrsta sinfónía Berliozar og ber hún undirtitilinn „Þættir úr ævi listamanns“. Sinfónían er í fimm köflum og lýsa heiti þeirra sýnum sem ungum ástsjúkum tónlistarmanni birtast þegar hann fellur í dásvefn eftir neyslu ópíums. Berlioz var frá sér numinn af ást á írsku leikkonunni Harriet Smithson og hugsaði hann *Draumórasinfóníuna* sem sjálfs-ævisögu og minnisvarða um ást sína á leikkonunni.

Baldur Brönnimann hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands með frábærum árangri. Hann er aðalstjórnandi Þjóðarsinfóníuhljómsveitarinnar í Kólumbíu og BIT20-kammer-sveitarinnar í Noregi.

TÓNLEIKAKYNNING » 18:00

VOIGT SYNGUR STRAUSS



Deborah Voigt

James Gaffigan

Deborah Voigt hefur undanfarna tvo áratugi verið ein skærasta stjarnan í óperuheiminum. Eftir söng hennar í titilllutverki *Ariadne auf Naxos* eftir Richard Strauss í óperunni í Boston árið 1991 hefur ferill hennar verið glæstur. Voigt hefur vakið mikla athygli í mörgum af helstu sópranhlutverkum Wagners og Richards Strauss.

Óperuna *Salóme* gerði Richard Strauss eftir að hafa séð samnefnt leikrit eftir Oscar Wilde. Óperan sem er ein af lykilóperum 20. aldarinnar þótti djörf tónlistarlega og með söguþráð sem þandi siðferðismörk óperugesta til hins ýtrasta. *Sjöslæðudansinn* er þekktasti hluti verksins og er oft fluttur einn og sér á tónleikum.

Serenaða í D-dúr, op. 11 er með fyrstu tilraunum Johannesar Brahms í hljómsveitarskrifum. Í upprunalegri mynd

samdi Brahms verkið fyrir strengja-oktett en gerði síðar útgáfu af því fyrir stóra hljómsveit. Serenöður Brahms eru tvær og eru þær að ósekju sjaldan fluttar því verkin eru iðandi af lífi og innblásin af sköpunarkrafti hins unga Brahms.

Bandaríski hljómsveitarstjórinn James Gaffigan er einn af eftirtektarverðustu hljómsveitarstjórum af yngri kynslóðinni. Hann var annar tveggja gullverðlaunahafa í Sir George Solti hljómsveitarstjórakeppninni í Frankfurt árið 2004, þá aðeins 24 ára að aldri. Gaffigan stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands við góðar undirtektir 2008 og 2010. Nýverið var Gaffigan ráðinn sem aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Luzern í Sviss.

Fös. 22. MARS '13
19:30

Johannes Brahms

Serenaða í D-dúr, op. 11

Richard Strauss

Sjöslæðudansinn

Richard Strauss

Lokaþáttur úr Salóme

James Gaffigan

hljómsveitarstjóri

Deborah Voigt

einsöngvari

SKOSKA SINFÓNÍAN OG WAGNER



Hanna Dóra Sturludóttir

Fös. 05. APRÍL '13
19:30

Richard Wagner
Siegfried Idyll
Richard Wagner
Wesendonk-ljóðin
Felix Mendelssohn
Skoska sínfónían

Ilan Volkov
hljómsveitarstjóri
Hanna Dóra Sturludóttir
einsöngvari

Óperuformið er allsráðandi þegar kemur að verkum Richards Wagner. *Wesendonk*-ljóðin og sínfóníska ljóðið *Siegfried Idyll* eru einu tónverk Wagners utan ópera sem reglulega eru flutt. Það síðarnefnda samdi Wagner sem afmælisgjöf til konu sinnar, Cosimu, eftir að þau hjónin höfðu eigast soninn Siegfried.

Wesendonk-ljóðaflokkinn samdi Wagner á árunum 1857-8 við texta Mathilde Wesendonk, eiginkonu velgjörðarmanns síns. Sagan segir að Mathilde og Wagner hafi átt í ástarsambandi en hvort sem sú var raunin eður ei, þá eru ljóðin og tónlistin innblásin af anda rómantíska tímabilsins, tilfinningaþrungin og áköf.

Árið 1829 var ferð hins unga Felix Mendelssohn heitið til Bretlandseyja þar sem hann lék á píanó við góðan orðstír. Í ferðinni heimsótti hann Holyrood-kastalann í grennd við Edinborg. Heimsóknin hafði djúp áhrif á hann og ritaði hann fjölskyldu sinni í bréfi að hann hefði „fundið byrjunina á skosku sínfóníunni sinni“. Mendelssohn lauk þó ekki við sínfóníuna fyrr en árið 1842 og er hún án efa hans metnaðarfullsta og fágaðasta sínfónía.

Hanna Dóra Sturludóttir hefur margsinnis komið fram með Sínfóníuhljómsveit Íslands. Hún stundaði söngnám hjá Kristni Sigmundssyni og Snæbjörgu Snæbjarnardóttur við Söngskólann í Reykjavík áður en hún hélt til Berlínar í framhaldsnám. Hún hefur sungið víða í Evrópu á undanförunum árum.

TÓNLEIKAKYNNING » 18:00

VORBLÓT



Patricia Kopatchinskaja

Í ár eru 100 ár liðin frá frumflutningi *Vorblótsins* eftir Ígor Stravinskij. Aldrei í tónlistarsögunni hefur frumflutningur á tónverki valdið jafn miklu fjaðrafoki og þann 29. maí árið 1913 í Théâtre des Champs-Élysées. Tónlistin og ballettinn gengu svo fram af viðstöddum að lögreglu þurfti til þess að stilla til friðar. *Vorblótið* er eitt áhrifamesta tónverk 20. aldarinnar, það kom sem sprengja inn í tónlistarsöguna og umblyti viðhorfum fólks til tónlistar.

Fiðluleikarinn Patricia Kopatchinskaja braust fram á sjónarsviðið þegar hún vann til fyrstu verðlauna í Szeryng-fiðlukeppninni árið 2000. Í framhaldi af því hefur alþjóðlegur ferill hennar verið glæsilegur. Galdrar þessarar orkumiklu fiðludrottningar frá Moldavíu hafa heillað jafnt áheyrendur sem gagnrýnendur upp úr skónum.

Þjóðleg ungversk áhrif leynd sér ekki í fiðlukonsert nr. 2 eftir Béla Bartók sem saminn var árið 1938. Verkið var samið á erfiðum tíma í lífi tónskáldsins sem sætti ofsóknum vegna andstöðu sinnar við fasisma sem átti síauknu fylgi að fagna. Þrátt fyrir ytri erfiðleika er þessi þriggja þátta fiðlukonsert glettin, björt og framsækin tónsmíð.

Eistneska tónskáldið Arvo Pärt er eitt af þekktustu tónskáldum okkar daga. Verk hans í seinni tíð eru gjarnan í naumhyggjustíl þar sem hrein form og skýrar línur eru áberandi. Sínfónía nr. 2 frá árinu 1966 er nútímaleg áheyrnar, ómstríð, kraftmikil og dökk með tilvitnunar í eldri tónskáld sem koma á óvart.

Fim. 11. APRÍL '13
19:30

Arvo Pärt
Sínfónía nr. 2
Béla Bartók
Fiðlukonsert nr. 2
Ígor Stravinskij
Vorblót

Ilan Volkov
hljómsveitarstjóri
Patricia Kopatchinskaja
einleikari

TÓNLEIKAKYNNING » 18:00

TECTONICS – TÓNLISTARHÁTÍÐ



Ilan Volkov

18. – 21. APRÍL '13
TECTONICS

Ilan Volkov
listrænn stjórnandi

Fjögurra daga hátíð Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands með nútímatónlist undir listrænni stjórn Ilans Volkov verður haldin öðru sinni. Tectonics-tónlistarhátíðin sem hleypt var af stokkunum í marsmánuði í fyrra hlaut einróma lof innanlands sem utan. Á hátíðinni slást heimamenn í tónlist og listum í för með Sinfóníuhljómsveit Íslands og kynna fjölbreytt verk á nýjan og einstæðan máta. Ýmis rými Hörpu ásamt ólíkum eiginleikum og hljóðvistarlandslagi tónleikasala hússins verða nýtt til hins ýtrasta. Sérstakur gestur hátíðarinnar í ár verður Christian Wolff, tónskáld og

píanóleikari. Í tónsmíðum sínum leitast Wolff við að veita flytjendum frelsi til sköpunar og eiga samræður við þá um framvindu tónsmíðarinnar án þess þó að skorast undan ábyrgð sem tónskáld. Á hátíðinni hljóma meðal annars verk eftir Hildi Guðnadóttur, Eyvind Kang, People like us og Atla Ingólfsson en nýr píanókonsert eftir hann verður frumfluttur af Sinfóníuhljómsveit Íslands og Víkingi Heiðari Ólafssyni.

Taka tvö á Tectonics verður eflaust ævintýri þar sem flytjendur og hlustendur verða í frjálsu falli án öryggisnets.

„Hvernig getur hljómsveit, sem er afsprengi 19. aldarinnar, orðið framsæknari og róttækari? Er það möguleiki?“

Ilan Volkov

AUÐUR OG ASHKENAZY

„Þegar ég stíg á stjórnendapallinn líður mér eins og ég sé kominn heim“

Vladimir Ashkenazy



Auður Hafsteinsdóttir

Vladimir Ashkenazy

Vladimir Ashkenazy hefur verið heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands undanfarinn áratug. Eftir um hálfra aldar farsælan feril sem einn af helstu píanóleikurum heims hefur hann í ríkari mæli sótt inn á völl hljómsveitarstjórnunar. Í því hlutverki hefur hann unnið með flestum bestu sinfóníuhljómsveitum heims. Ashkenazy gegnir í dag stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar í Sydney.

Ef Árstíðir Vivaldis eru undanskildar er Sveitasinfónía Beethovens sennilega eitt þekktasta dæmið um birtingarmyndir náttúrunnar í tónlistarsögunni. Sjötta sinfónía Beethovens ber undir titilinn „Minningar um sveitalífið“ og má glöggst heyra þrumuveður, sveitadansa, fallega söngva hjarðsveina auk kvaks fuglanna.

Fiðluleikarinn Auður Hafsteinsdóttir hefur lengi verið í hópi fremstu fiðluleikara þjóðarinnar og hefur komið fram víða sem einleikari og í kammermúsík á alþjóðlegum vettvangi, m.a. beggja vegna Atlantshafsála og í Asíu. Hún er ein af stofnendum Trios Nordica og hefur leikið inn á fjölda geisladiska fyrir íslensk og erlend útgáfufyrirtæki.

Árið 1967 færði Dmitríj Sjostakovitsj vini sínum og fiðluleikaranum David Oistrakh snemmbúna sextugs-afmælisgjöf, Fiðlukonsert nr. 2 í cis-moll. Konsertinn er þó fjarri því að vera glaðlegur, frekar mætti segja að hann sé fremur dökk tónsmíð, fullur angurværðar og jafnvel sársauka sem Sjostakovitsj setur fram með sínu auðþekkjanlega handbragði.

Fim. 02. MAÍ '13
19:30

Ludwig van Beethoven
Forleikur að Prometeusi
Dmitríj Sjostakovitsj
Fiðlukonsert nr. 2
Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 6, Sveitasinfónían

Vladimir Ashkenazy
hljómsveitarstjóri
Auður Hafsteinsdóttir
einleikari

BARNASTUND MEÐ SINFÓNÍUNNI



Lau. 11. MAÍ '13
11:30

Barnastundin er ætluð yngstu hlustendunum. Í Barnastundinni er flutt tónlist í um það bil 30 mínútur í opnu rými á 2. hæð fyrir framan Eldborg. Tónlistin og lengd Barnastundarinnar er sérstaklega sniðin að þeim hópi sem er of ungur til að sitja heila tónleika í Litla tónsprotanum. Barnastundin með Sinfóníunni er börnum í fylgd forráðamanna sinna að kostnaðarlausu. Kynnir í Barnastundinni er trúðurinn Barbara og hljómsveitarstjóri er

Bernharður Wilkinson. Sérstakur gestur er Maxímús Músíkús. Vinsamlega takið með ykkur púða til að sitja á.

Í Barnastundinni 11. maí verður fluttur fyrsti þáttur úr *Eine kleine Nachtmusik* eftir Mozart af hljóðfæraleikurum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einnig verður flutt úrval létttra og skemmtilegra laga sem koma öllum í sannkallað sumarskap.

ÁLFAR OG RIDDARAR



Nýtt og spennandi tónlistarævintýri eftir færeyska þríeykið Rakel Helmsdal rithöfund, Kára Bæk tónskáld og myndskreytinn Janus á Húsagarði. Einstaklega kraftmikið og heillandi færeyskt ævintýri sem byggir á minninu um riddarann Ólaf Liljurós og hetjudáðum hans. Seiðandi dans-tónlist, kraftmikið slagverk og riddaraleg lúðraköll einkenna þetta framúrskarandi barnaverk. Myndskreytingum Janusar er varpað upp á stórt tjald meðan á flutningi ævintýrsins stendur. Með því móti eru allir tilbúnir að taka þátt í ævintýrinu og fljúga af stað með litla bróður að „veiða vind“ alveg eins

